



## Fundargerð 191. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn föstudaginn 13. desember 2024, kl. 09:30 í VM húsinu, Stórhöfða 29.

**Mættir:** Guðmundur Helgi Þórarinsson, formaður, Einar Sveinn Kristjánsson, Helgi Már Sigurgeirsson, Sigurður Gunnar Benediktsson og Ingi Bogi Hrafnsson og Einar Óskar Friðfinnsson

**Fjarfundur:** Gunnar Sigurðsson

**Fjarverandi:** Tinna Magnúsdóttir, Kristmundur Skarphéðinsson og Pétur Freyr Jónsson

### Dagskrá :

1. **Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 190.** Fundargerðin samþykkt og send til rafrænnar undirritunar.

2. **Skýrsla formanns og staða kjaramála**

Erum enn að glíma við fjóra kjarasamninga sem við eigum eftir. Erum langt komin með samninginn við Björgun en gengur hægt með Arnarlax.

Við fengum ósk um fund frá skólameistara vél- og skipstjóraskólans. Verið að breyta STCW og verið er að breyta náminu upp á háskólastig. Halldór er að rýna þessar breytinga og þegar það er klárt þá ætti skólinn að geta tekið við. Setjum Halldór í að vera í stöðugu sambandi við Víglund og fundum svo með honum þegar þetta er klárt.

Endurskoðunin er að fara í gang, erum búin að funda einu sinni með þeim.

Trúnaðarmannaráðstefnan í Hveragerði gekk vel. Þeir stjórnarmenn sem voru á ráðstefnunni eru mjög ánægðir með hana. Hér innan dyra hefur verið rætt að hafa svona ráðstefnu einu sinni á ári. Stjórnarmenn sammála að hafa þetta einu sinni á ári a.m.k. á meðan verið er að mynda trúnaðramannatengsli, jafnvel líka að halda fund með okkar trúnaðarmönnum einu sinni á ári.

Orlofsmálin, úttekt komin með Svignaskarð og ljóst að það þarf að taka allt í geng. Komið er tilboð og menn í verkið en eftir að breyta aðeins verklýsingu og uppfæra tilboðið í samræmi við hana. Spurt var um húsin á Laugarvatni. Formaður sagði að þau verði klár fyrir sumarið og mögulega fyrr.

Það var mjög áhugaverður fundur hér í húsinu með atvinnurekendum og launafólki sem eru í stjórnnum lífeyrissjóða. Seðlabankastjóri kom á fundinn og það sem okkur fannst merkilegast er að hann vill setja í lög að sjóðirnir megi ekki lána til húsnæðiskaupa. Frekar selja skuldabréf til bankanna til að hjálpa þeim að fjármagna. Forseti ASÍ mótmælti þessu harðlega.

Nýtt stéttarfélag, Virðing hefur verið töluvert í fréttum, Sólveig hjá Eflingu hefur verið dugleg

að vekja athygli á því og tilgangi þess. Félög hafa verið að senda út yfirlýsingar um stuðning við Eflingu. Fagfélögin ætla að koma með yfirlýsingu en það er ekki búið að fullklára hana. Formaður fékk leyfi til að klára málið.

### 3. Fjárhagsáætlun VM 2025

Formaður fór yfir Fjárhagsáætlun VM fyrir árið 2025. Áætlunin samþykkt. Formaðurinn fór síðan yfir stöðuna í húsinu varðandi Bygging, og í framhaldinu sýndi hann síðan drög að fjárhagsáætlun 2F.

### 4. Verkið

Formaður fékk ósk frá Verkið um styrk. Við höfum ekki verið mjög virk í þessu en erum að reyna að bæta okkur. Í boði eru gull, silfur og brons styrktar pakkar. Formaður stakk upp á gull styrknum. Samþykkt að styrkja verkefnið.

### 5. Fundarplan vor 2025

Formaður lagði fram plan fyrir fundi fyrri hluta árs 2025. Fundir verða þá 16. jan, 13. feb og 20. mars en þá verða reikningar félagsins undirritaðir. Hann stakk síðan upp á að aðalfundurinn verði fimmtudaginn 3. eða föstudaginn 4. apríl. Samþykkt að fundurinn verði fimmtudaginn 3. apríl.

### 6. Til upplýsinga

- a. Jólstyrkur, Fagfélögin gefa 1.500.000. Hjálparstarf kirkjunnar fær 1.000.000 og 500.000 til velferðarásjóðs Eyjafjarðarsvæðisins.

### 7. Önnur mál.

- Fyrirspurn: fagnefnd sjómanna er búið að setja hana í gang? Mennirnir eru komnir en eftir að skrifa hvað nefndinni ber að gera.
- Óskað eftir fundargerð aðalfundar, hafa fyrir næsta fund og fara yfir það sem við þurfum að gera.
- Gamla könnunin um notkun orlofshúsa getum við ekki sent hana út aftur til að fá samanburðinn? Formaður fór aðeins yfir síðustu könnun og samþykkt var að nota hana aftur.
- Hvernig gengur að koma samningum inn á netið. Það næst ekki samband við þá sem þarf til að klára þetta en þetta er allt í vinnslu.

Fundi slitið: 12:03